

# KLÍNÍSK BARNA- OG UNGLINGASÁLFRÆÐI

## E-802-KLBU



**Ár:** 2. ár

**Önn:** Haustönn

**Tegund námskeiðs:** Skylda

**Undanfarar:** Engir

**Kennari:** Dagmar Kristín Hannesdóttir

**Lýsing:** Í klínískri barna og unglingsálfræði læra nemendur skil á helstu geðröskunum meðal barna og unglinga, þá helst varðandi hegðunar- og tilfinningavanda. Nemendur fá innsýn inn í sálmeinafræði barna og unglinga en þó nokkur áhersla er lögð á meðferð og meðferðarúrræði. Fjallað er ítarlega um raunprófuð meðferðarúrræði sem byggjast helst á aðferðum hugrænnar-atferlismeðferðar og rannsóknir á bak við þessi úrræði. Þessi úrræði og eru sett í samhengi við það félagslega, námslega og fjölskylduumhverfi sem börn búa við og þroskatengda þætti. Einnig verður fjallað um þá þjónustu sem er í boði fyrir börn og unglinga á Íslandi.

**Lærdómsviðmið:** Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

*Pekking:* Kunna skil á helstu geðröskunum meðal barna og unglinga, hafa góða þekkingu á raunprófuðum aðferðum sem notuð eru í meðferð með ungmennum og skilja hvernig slík meðferð og úrræði spilar saman við umhverfi barnsins (fjölskyldu, skóla, félagatengsl og nám). Einnig ættu nemendur að hafa góða innsýn inn í úrræði í boði á Íslandi fyrir börn og unglinga.

*Leikni:* Nemendur eiga að geta skilið og unnið úr vísindagreinum og lesefni um raunprófuð úrræði fyrir ungmenni til þess að útlista fyrir öðrum hvaða aðferðir hugrænnar-atferlismeðferðar er verið að nota og hvernig þær spila saman við það sem vitað er um sálmeinafræði þessa tiltekna vanda.

*Hæfni:* Nemendur eiga í lok áfangans að geta unnið skýrslu um tilfelli, skipulagt greiningarferli og útlistað viðeigandi meðferðarúrræði.

**Námsmat:** Tímapróf og skrifleg verkefni.

**Tungumál:** Íslenska

**ECTS:** 4